

Grunnskólinn Ljósaborg

Þróunarverkefnið
„Til móts við náttúruna“
Áfangaskýrsla 1



Verkefnisstjóri: Ragna Björnsdóttir
Ráðgjafi: Ingvar Sigurgeirsson prófessor
við Menntavísindasvið HÍ.
Tekið saman í desember 2010.

Inngangur

Grunnskólinn Ljósaborg í Grímsnes- og Grafningshreppi var vígður haustið 2005. Skólinn er staðsettur að Borg í Grímsnesi. Fyrstu tvö starfsárin var skólinn rekinn í samstarfi við Bláskógabyggð. Frá haustinu 2007 hefur hann eingöngu verið rekinn af Grímsnes- og Grafningshreppi. Skólann sækja árgangar frá 1.-8. bekk en eldri grunnskólanemendur úr Grímsnes- og Grafningshreppi sækja Grunnskóla Bláskógabyggðar í Reykholti í Biskupstungum. Á starfstíma skólans hefur nemendafjöldi verið á bilinu 35-60 og er nú þegar þetta er ritað 38.

Skólinn starfar í anda einstaklingsmiðaðra kennsluhátta og umhverfismenntar með áherslu á list- og verkgreinar. Áhersla er lögð á samkenndu árganga og teymiskennslu kennara.

Á síðustu þremur árum hefur starfsfólk skólans unnið töluvert þróunarstarf í anda þessarar áherslna sem stefnt var að við tilurð hans. Fyrst ber að nefna þróunarverkefni um námsmat í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum sem lauk vorið 2009 (sjá skýrsluna „*Þróun námsmats í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum*“ á heimasíðu skólans, www.ljosaborg.is). Haustið 2009 hófst síðan vinna við verkefnið „*Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu*“ sem hlaut styrk frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Megin markmið þess var að skipuleggja og þróa kennslu- og námsmatsaðferðir í samræmi við stefnu skólans um teymiskennslu og einstaklingsmiðun. Það verkefni tók hins vegar miklum stakkaskiptum og úr varð þróunarverkefni þar sem unnin var stefnumótandi vinna fyrir námskrá skólans. Annars vegar var lagður grunnur að læsistefnu og hinsvegar að stefnumörkun um umhverfismennt og útinám. Afrakstur þeirrar vinnu hefur nú ratað inn í skólanámskrá Grunnskólans Ljósaborgar og er orðinn virkur þáttur í skólastarfinu. Þessu verkefni lauk nú á haustdögum og verður skýrsla um það gefin út í desember.

Veturinn 2009-2010 sótti starfsfólk Grunnskólans Ljósaborgar um styrk til Sprotasjóðs, Mennta- og menningamálaráðuneytis, fyrir verkefnið „*Til móts við náttúruna*“. Það er skemmst frá því að segja að styrkur að upphæð 700.000 kr. var veittur skólanum. Það gerir fámennum starfsmannahópi kleift að halda áfram þeirri miklu og góðu vinnu sem lagður var grunnur að í stefnumótun í fyrrnefndu þróunarverkefni um útinámið. Áætluð verklok á verkefninu „*Til móts við náttúruna*“ er um mitt ár 2012.

Markmið

Meginmarkmið verkefnisins „*Til móts við náttúruna*“ er að halda áfram að auka fjölbreyttni í námi og kennsluháttum með áherslu á umhverfismennt, list- og verkgreinar.

Unnið verður að eftirfarandi þáttum:

- 1) Að nýta náttúruna til útináms og listsköpunar.
- 2) Að efla tengsl skólans við nærsamfélagið á sviði umhverfismenntar og grenndarnáms.
- 3) Að hljóta Grænfánann.

Áætlaður afrakstur verkefnisins er rit um útinám, útinámssvæði og grenndarskóg Grunnskólans Ljósaborgar.

Stefna skólans

Allt frá því að Grunnskólinn Ljósaborg varð sjálfstæð eining hefur stefna í umhverfismennt verið að þróast og sýnin að skerpast. Hér á eftir fer yfirlit yfir stefnu Grunnskólans Ljósaborgar í umhverfismennt.

- **Útinámssvæði verði þróað og nýtt við skólann.**
- **Umhverfisnefnd starfi við skólann.**
- **Skipulagðar vettvangsferðir sem allir nemendur skólans skuli fara í á sinni skólagöngu. Þessar vettvangsferðir verði með skýra vísun í námskrá árganga.**
- **Skólanámskrá Grunnskólans Ljósaborgar beri umhverfisstefnu skólans glöggvitni.**
- **Nemendur fái markvissa fræðslu um umhverfismál, sjálfbæra þróun og gildi náttúruverndar.**
- **Að nemendur og starfsmenn flokki allt rusl og endurnýting verði hafin.**
- **Unnið verður að framtíðarsýn skólans í umhverfismennt og henni komið á framfæri á vef skólans og í skólanámskrá.**
- **Grenndarskógur. Skólinn verði kominn með land til ráðstöfunar fyrir trjárækt og matjurtaræktun 2012.**
- **Þrjú umhverfisdagur verði haldnir á hverju ári í skólanum.**
- **Aðilum grenndarsamfélagsins verði boðin þátttaka í umhverfisdögum og samstarfi komið á við aðila sem tengjast umhverfismálum og eða skólanum á einhvern hátt.**
- **Útikennsla verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu.**
- **Samstarf verði við grenndarsamfélagið á sem fjölbreytilegastan hátt í tengslum við útiskólann.**
- **Rit/starfsáætlun um útikennslu og útikennslusvæði skólans verði unnið í tengslum við þróunarstarf á árunum 2010–2012.**

- **Útilistaverk afhjúpað.**
- **Grænfána flaggað.**

Markmið starfsmannahópsins við Grunnskólann Ljósaborg er að um mitt ár 2012 uppfylli skólinn þessa stefnu.

Framkvæmd og vinna við upphaf þróunarverkefnis

Vinnan við þróunarverkefnið „*Til móts við náttúruna*“ hófst veturinn 2009-2010 með vinnu starfshópsins sem fjallaði um útiskóla og umhverfismennt. Henni hefur síðan verið framhaldið af krafti það sem af er þessu skólaári 2010-2011. Verkefnisstjórn, frá því ágúst 2010, hefur verið í höndum Rögnu Björnsdóttur grunnskólakennara við Grunnskólann Ljósaborg en ráðgjafi hefur verið Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Menntavísindasvið H.Í. Hann hefur leiðbeint verkefnisstjóra og hugmyndir starfsmannahópsins hafa verið bornar undir hann. Hér á eftir verða rakin þau skref sem við höfum stigið síðastliðna sex mánuði.

Fyrsta verk verkefnisstjóra við upphaf þessa þróunarstarfs var að skoða stefnu skólans í umhverfismennt, fara yfir hana og skrá það sem hefur áunnist (sjá fylgiskjal nr.1). Þar sést að margt hefur áunnist en næg spennandi verkefni eru framundan.

Formlega hóf starfsmannahópurinn vinnu við þróunarverkefnið „*Til móts við náttúruna*“ með heimsókn í Norðlingaskóla þann 29. september. Þar fylgdi Hermann Valsson okkur um einstakt útinámssvæði skólans, Björnslund, og sýndi okkur aðstöðu skólans og leikskólans Rauðhóls. Margt áhugavert kom fram í þeirri ferð sem eftir á að nýtast við áframhaldandi vinnu okkar við útinámssvæði og lóð Grunnskólans Ljósaborgar. Reynsla í Norðlingaskóla af útinámi er orðin nokkur og því gott að heyra frá Hermanni hvernig útinámið og útinámssvæðið hefur

þróast og tekið breytingum. Hluti af starfsmannahópnum hafði reyndar hafið þátttöku á endurmenntunarnámskeiði á vegum Skólaskrifstofu Suðurlands um Ratleiki í skólastarfi á fyrstu starfsdögum skólaársins 2010-2011. Það námskeið var haldið í Grunnskólanum á Hellu 12 ágúst og lauk með fundi þann 2. nóvember á Skólaskrifstofu Suðurlands. Kennarar á námskeiðinu voru Jakob Frímann Þorsteinsson aðjúnkt við KHÍ og Guðmundur Finnbogason grunnskólakennari. Þeir kennarar Grunnskólans Ljósaborgar sem sóttu námskeiðið hafa það sem af er skólaárinu reynt fyrir sér með þetta form kennsluhátta, með ágætum árangri. Um leið hafa bæst við kennslugögn í Náms sjóð útiskólans. Náms sjóðurinn er verkefnabanki sem inniheldur efni og hugmyndir sem nýtast í útinámi. Hann varð til í tengslum við vinnu útiskólahópsins veturinn 2009-2010 og er grunnhugmyndin sú að kennarar útbúi námsefnispakka sem hægt er að nýta aftur og aftur (sjá skýrsluna „Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu“ á heimasíðu skólans, www.ljosaborg.is).

Í framhaldi af skólaheimsókn starfsmannahópsins í Norðlingaskóla og athugun á stefnu Grunnskólans Ljósaborgar í umhverfismennt gerði verkefnisstjóri drög að vinnuáætlun fyrir þróunarverkefnið og bar undir starfsmannahópinn. Sú áætlun var samþykkt og hefur verið starfað eftir henni s.l. mánuði. Áætlun þessi tekur mið af stefnu skólans í umhverfismennt sem stefnt er að því að uppfylla um mitt ár 2012. Áætlunin skiptist í þrjá megin hluta. Þeir eru viðfangsefni/verkbættir, útlistun á því hvað þarf að gera/á að gera í hverjum verkþætti og að lokum hverjir það eru sem koma að verkinu. Viðfangsefnið í vinnuáætluninni mótast af stefnu skólans í umhverfismennt (sjá fylgiskjal nr. 2).

Við frágang á skólanámskrá Grunnskólans Ljósaborgar nú í haust var haft að leiðarljósi að þar endurspegladist meginmarkmið þróunarverkefnisins og þær þrjár áherslur sem þar eru settar fram. Bæði í hinum almenna hluta skólanámskrárinnar og námsgreinahluta þar sem bekkjarnámskrár er að finna. Sú vinna var í höndum skólastjóra og

kennarahópsins. Skólanámskrána er að finna á heimasíðu skólans www.ljosaborg.is.

Nám nemenda Grunnskólans Ljósaborgar ber þess glöggt vitni að þessum áherslum er fylgt eftir. Til að mynda hafa þeir allir fengið markvissa fræðslu í flokkun sorps og endurnýtingu á hráefnum nú í haust og stunda flokkun á pappír, fernum og plasti. Elstu bekkir skólans stunda valfög sem fara að hluta til utandyra. Þar ber að nefna útivistarval þar sem nemendur hafa unnið við smíðar á skýli á útinámssvæðinu. Skýlið kemur til með að sinna hlutverki geymslu, útistofu og veita skjól auk, þess að vera uppspretta leikja eins og reynslan hefur sýnt okkur nú í vetur. Einnig hafa elstu nemendur í útivistarvali hjálpað til við að ganga frá útielastæðunum okkar sem við nefnum Magna og Móða, lagfært göngustíga, gengið um nágrenni skólans og farið á hestbak. Þeir hafa líka sótt kennslustundir í umhverfismennt sem kennd hefur verið á Sólheimum í Grímsnesi í samstarfi við umsjónarmenn Sesseljuhús (sjá skýrsluna „Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu“ á heimasíðu skólans, www.ljosaborg.is). Markviss kennsla fór sömuleiðis fram í loftslagsmálum á haustdögum og lauk með þátttöku elstubekkjanna í spurningakeppni Nordisk klima þann 11. nóvember síðast liðinn. Íþróttakennsla fór fram utandyra fyrstu vikur skólaársins, námslota í heimilisfræði fór fram utandyra á fyrstu vikum skólaársins og aðrir kennarar hafa nýtt sér skólalóðina og útinámssvæðið hvenær sem færi gefst við störf og til leikja.

„Til móts við náttúruna“ er nú þegar farið að setja sterkan svip á skóladagatal Grunnskólans Ljósaborgar. Sífelld fjölgar þeim dögum sem öðlast þann sess að vera fastir umhverfis dagar í skóladagatalinu auk þeirra þriggja sem lagt var upp með í stefnunni í umhverfismennt (sjá fjólubláadaga á fylgiskjal nr. 3). Þessir dagar tengjast sumir vettvangsferðum sem sérstök áhersla hefur verið lögð á í námskrá skólans.

Sérstök starfsáætlun var mótuð síðast liðið skólaár fyrir vettfangsferðir skólans og frá og með vorinu 2010 má segja að sú áætlun hafi tekið gildi (sjá skýrsluna „Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu“ á heimasíðu skólans www.ljosaborg.is).

Fræðsla og leiðsögn fyrir starfsmannahópinn til þess að kynna nýja möguleika og styrkja vinnu í fjölbreyttum kennsluháttum útinámsins er stór þáttur í þróunarverkefni sem þessu. Auk heimsóknarinnar í Norðlingaskóla og Ratleikjanámskeiðsins hafa starfsmenn sótt kynningu á útinámi í Þjórsárskóla. Þar var m.a. kynnt samstarf Þjórsárskóla og Þjóðskógarins í Þjórsárdal. Þann 23. nóvember kom Guðmundur Finnbogason grunnskólakennari og leiðbeindi starfsmönnum um útiildun og notkunn á þeim Magna og Móða (sjá bls. 5) til heimilisfræðikennslu.

Hafinn er markviss undirbúningur fyrir umsókn að verkefninu „Skóli á grænni grein“ þar sem markmiðið er að flagga Grænfána að loknu verkefninu „Til móts við pappír, skolaðar fernur og flokkað plast. Starfsfólk og nemendur hafa hirt vel um skólalóðina og náttúrulegt umhverfi skólans. Almenn heimilissorp hefur minnkað stórlega, meðferð og notkun á pappír hefur verið yfirfarin og endurnýting gengur vel. Ræstivörur hafa verið keytar með umhverfissjónarmið í huga og verkefnisstjóri hefur fyllt út matslista af heimasíðu verkefnisins „Skóli á grænni grein.“

Staða þróunarverkefnis og næstu skref

Það er mat verkefnisstjóra að vel hafi tekist til við upphaf þróunarverkefnisins „Til móts við náttúruna“ enda var jarðvegurinn góður og öll vinna komin vel á veg eftir þann góða grunn sem þegar hafði verið lagður af starfshópnum sem vann þróunarverkefnið um Útiskólann. Ef horft er fram á veginn má sjá móta fyrir næstu skrefum þar sem

skipulagðir hafa verið vinnufundir starfsmanna það sem eftir er af skólaárinu.

Á fyrsta starfsdegi nýs árs er Jakob Frímann Þorsteinsson væntanlegur til okkar með erindi um gildi þess að leika, læra og þroskast úti. Guðmundur Finnbogason er væntanlegur til okkar aftur þar sem hann mun fara yfir útiildun og notkun útiildunartækja.

Vinna þarf ötullega að skrefunum sjö í verkefninu um „Skóla á grænni grein“ og í febrúar mun verða spurt um viðhorf til þróunarverkefnisins í þeim könnunum sem gerðar verða í tengslum við sjálfsmat skólans.

Síðast en ekki síst þá mun það taka sinn tíma að vinna vel að þeim markmiðum í skólanámskránni sem tengjast útináminu og umhverfisdögum á skóladagatalinu. Vonandi gefst tækifæri til þess að hafa vetrardag líkt og gert var síðast liðinn vetur og fara með nemendur á skauta eða sleða í nærumhverfi skólans. Skipuleggja þarf dag umhverfisins, sem orðin sé sterk hefð fyrir og vettvangsferðir að vori. Einn þeirra daga gæti orðið tileinkaður gróðursetningu í nýjum grenndarskógi eða í samstarfi við Skógræktarfélag Árnesinga á Snæfoksstöðum.

Fylgiskjal nr. 1

Stefna Grunnskólans Ljósaborg í umhverfismennt

- Allt frá því að Grunnskólinn Ljósaborg varð sjálfstæð eining hefur stefna í umhverfismennt verið að þróast og sýnin að skerpast. Hefur margt áunnist í þeim eignum. Hér á eftir fer yfirlit yfir stefnu Grunnskólans Ljósaborgar í umhverfismennt og það sem hefur áunnist
- **Útinámssvæði verði þróað og nýtt við skólann.**
 - Á haustdögum hefur umhverfið og útisvæðið verið nýtt vel og útinám verið stundað í hinum ýmsu greinum. Á döfinni er að halda áfram við gerð skýlisins og ljúka við eldstæði. Göngustígar eru orðnir góðir og grisjun, snyrting og umgengni er vel sinnt.
- **Umhverfisnefnd starfi við skólann.**
 - Hlutverk hennar er að fylgjast með því hvernig gengur að fylgja stefnu skólans í umhverfismennt og setja markmið fyrir skóla á Grænni grein og sjá til þess að þeim sé fylgt eftir.
- **Skipulagðar vettvangsferðir sem allir nemendur skólans skuli fara í á sinni skólagöngu. Þessar vettvangsferðir verði með skýra vísun í námskrá árganga.**
 - Þessi vinna er langt komin í starfsáætlun útiskóla hópsins og hlutar hennar komnir í framkvæmd.
- **Skólanámskrá Grunnskólans Ljósaborgar beri umhverfisstefnu skólans glögg vitni.**
 - Í almenna hlutanum er fjallað um, vettvangsferðirnar, umhverfismenntina og útinámið og í bekkjarnámskrám má sjá hvernig viðfangsefni í kennslu tengjast umhverfismennt, svo sem náttúrufræði, heimilisfræði og list og verkgreinum, svo eitthvað sé nefnt.
- **Nemendur fái markvissa fræðslu um umhverfismál, sjálfbæra þróun og gildi náttúruverndar.**
 - Á haustdögum hefur verið farið yfir flokkun og endurvinnslu með bæði nemendum og starfsfólki. Einnig hefur verið kennt efni sem við kemur umhverfismálum og 8.bekkur hefur fengið mikla fræðslu um þessi málefni í námsferðum sínum að Sólheimum. Nemendur í 3.-4. bekk eru að nota efni frá Sorpu og nemendur í 7.-8.bekki eru að ljúka nýju námsefni um loftslagsmálin.
- **Að nemendur og starfsmenn flokki allt rusl og endurnýting verði hafin.**
 - Markvisst var rætt við nemendur og starfsfólk um flokkun stax í haust og mjög lítið fer nú orðið í það sem við köllum almennt sorp í skólanum.
 - Næsta skerf er að skoða lífræna flokkun.
 - Stefnit er að því að safna öllum rafhlöðum og að sem mest verði notað af hleðslu-rafhlöðum.
 - Prenta á bakhlið pappírs sem áður hefur verið prentað á og endurnýta harðplastsílát eftir því sem tækifæri gefst.
- **Unnið verður að framtíðarsýn skólans í umhverfismennt og henni komið á framfæri á vef skólans og í skólanámskrá.**

- **Grenndarskógur. Skólinn verði kominn með land til ráðstöfunar fyrir trjárækt og matjurtaræktun 2012.**
 - Þetta er í ferli og ekki stendur á Yrkjusjóði, búið var á fá góðar undirtektir hjá fyrrverandi sveitarstjórn og landskiki líklega fundinn.
- **Þrír umhverfis dagar á ári í skólanum.**
 - Dagur trjáræktar á vorin.
 - Dagur umhverfisins 25. apríl.
 - Hefur verið haldinn s.l. 3 ár.
 - Dagur umhverfislistsköpunar á haustin
 - Líklega gæti hann tengst degi íslenskrar náttúru, í haust fórum við í fjallgöngu og í haust var þessi dagur í tengslum við samtöl umsjónarkennara við nemendur sína.
- **Aðilum grenndarsamfélagsins verði boðin þátttaka í umhverfisdögum og samstarfi komið á við aðila sem tengjast umhverfismálum og eða skólanum á einhvern hátt.**
 - Þetta eru t.d. dagar eins og réttardagurinn og vetrardagurinn.
 - Samstarf er við Sólheima/Sesseljuhús/Alviðru og mögulega gæti það orðið við skógræktina á Snæfoksstöðum.
 - Við getum kannski bætt okkur með því að fá fleiri til okkar í heimsókn
- **Útikennsla verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu.**
 - Í haust hefur útinámi verið vel sinnt og þetta er að festast í sessi þótt ekki sé þetta fastir tímar í stundaskrá
 - Mjög gott nemendarit/handbók um upplifun í gegnum útinám hefur verið unnið af Ingveldi Eiríksdóttur og tekið í notkun í haust.
 - Fræðsla til handa starfsfólki stendur fyrir dyrum auk þeirrar sem þegar hefur verið hafin, s.br. ratleikjanámskeið og námskeiðið við Þjórsárskóla.
 - Námssjóður er að verða til.
- **Samstarf verði við grenndarsamfélagið á sem fjölbreytilegastan hátt í tengslum við útiskólann.**
 - Þetta hefur verið reynt að gera með því að horfa nær okkur í náms- og vettvangsferðum.
- **Rit/starfsáætlun um útikennslu og útikennslusvæði skólans verði unnið í tengslum við þróunarstarf á árunum 2010–2012.**
 - Að þessu er kominn góður vísir frá þróunarvinnu s.l. vetur.
- **Útilistaverk afhjúpað.**
 - Hugmynd er um að vinna að útilistaverki með nemendum, jafnvel í samstarfi við listamann.
- **Grænfána flaggað.**
 - Sækja þarf um að gerast skóli á grænni grein og upp fylla sjö skref sem sum hafa þegar verið stigin.

Fylgiskjal nr. 2

Vinnuáætlun í þróunarverkefni

Viðfangsefni/Verkþáttur	Hvað þarf að gera/ - á að gera?	Hverjir koma að verkinu
Umhverfisstefna	Ljúka við mótun hennar með framtíðarsýn í huga og henni komið á framfæri í skólanámskrá og vef skólans	Starfsfólk
Skólanámskrá	<p>Umfjöllun í almenna hlutanum</p> <ul style="list-style-type: none"> • Umhverfisstefnan • Umhverfismennt • Vettvangsferðir • Útinám/útiskóli <p>Umfjöllun í bekkjarnámskrám</p> <ul style="list-style-type: none"> • Viðfangsefni sem tengjast náttúru- og umhverfismennt • Viðfangsefni sem tengjast grenndarsamfélaginu • Viðfangsefni í list- og verkgreinum • Þáttur útináms sem kennsluaðferð í öðrum námsgreinum 	Starfsfólk, foreldrar, nemendur
Grenndarsamfélagið	<p>Þátttaka og samstarf við aðila úr grenndarsamfélaginu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nota t.d. umhverfisdaga eða vordaga • Réttardagurinn • Samstarf við Sesseljuhús • Bjóða aðilum í heimsókn • Vettvangsferðir • Alviðra • Samstarf við aðra skóla (Þjórskóla/Flóaskóla/Flúðaskóla) 	Starfsfólk, foreldrar, nemendur og aðrir í grenndarsamfélaginu

Útinám	<p>Útinám sjálfsgæður þáttur í skólastarfinu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Í haust hefur útinámi verið vel sinnt og er að vinna sér sess þótt ekki séu fastir tímar í töflu. • Mjög gott nemendarit/handbók um upplifun í gegnum útinám/útivist hefur verið unnið af Ingveldi Eiríksdóttur og tekið í notkun í haust. • Námssjóður er að verða til, mikilvægt að skrá á þar til gerð eyðublöð hvernig verkefni eru unnin og notuð svo verkefni nýtist áfram. 	Starfsfólk og nemendur
Vettvangsnám/ferðir	<p>Í almenna hluta skólanámskrár er fjallað um vettvangsferðir</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sá kafli er úr skýrslunni „<i>Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu</i>“. Hana er að finna á heimasíðu skólans, www.ljosaborg.is. • Í bekkjarnámskrá þurfa að vera skýrar vísanir í vettvangsferðir og skipulag þeirra • Hér þurfa kennarar að athuga hvort og hvernig þessu er háttað í námskrá. 	Starfsfólk, foreldrar og nemendur
Fræðsla/námskeið	<p>Stuðla að því að nemendur fái markvissa fræðslu um umhverfismál, sjálfbæra þróun og gildi náttúruverndar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þetta þarf að birtast í námskrá. • Í haust hafa allir nemendur fengið fræðslu um flokkun og endurvinnslu á sorpi og framkvæmd þess í skólanum. • Sjálfbær þróun er stór þáttur í námskeiði nemenda í 8. bekk sem fram fer á Sólheimum. • Í 7. og 8. bekk hefur verið unnið námsefni sem tengist loftslagsmálum. 	Starfsfólk, nemendur og aðrir aðilar, t.d. úr grenndarsamfélaginu

	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur í 3. og 4. bekk hafa unnið með námsefni frá Sorpu Heimilisfræði var kennd sem lota í útielddhúsi á haustdögum. Íþróttir voru kenndar í útilotu á haustdögum. 	
Fræðsla/námskeið	<p>Stuðla að því að starfsfólk fái fræðslu eða komist á námskeið um útinám (umhverfismál, sjálfbæra þróun og gildi náttúrverndar).</p> <ul style="list-style-type: none"> Lokið var við námskeiðið um ratleiki í skólastarfi Jakob F. Þorsteinsson var væntanlegur 10. nóvember með erindi um útinám sem frestas til fyrstu viku janúar mánaðar. Guðmundur Finnbogason er kom þann 24. nóvember með námskeið um útielddhús. Hugmyndir að fleiri námskeiðum og námsferðum innan lands eða utan (nýting svæðisins, kertagerð, pappírsgerð, tálgun). Samstarf við aðra skóla í nágrenninu. 	Starfsfólk og þeir sem best eru til þess fallnir að leiðbeina og kenna hverju sinni
Útinámssvæði	<p>Haldið verði áfram við þróun og nýtingu á útinámssvæði með sjálfbærni að leiðarljósi, nýtum efni sem tilfellur í okkar verkefni</p> <ul style="list-style-type: none"> Unnið að skýli. Gert eldstæði. Grisjun og snyrtingu framhaldið. Haldið við stígum. Fenginn ráðgjafi. Hugmyndir nemenda um nýtingu notaðar, verkefni fá sl. umhverfisdegi. 	Starfsfólk, nemendur og ráðgjafar
Skólaskógur/Grenndarskógur	<p>Stefnt að því að land verð fengið til ráðstöfunar fyrir trjárækt/trjáasafn og matjurtir fyrir 2012.</p> <ul style="list-style-type: none"> Fyrirspurn vel tekið af fyrri sveitarstjórn og land líklega fundið en málið þarf að ítreka við núverandi sveitarstjórn Æskilegt að geta tengt þetta verkefni vordögum 	Starfsfólk, sveitarstjórn, aðilar úr grenndarsamfélaginu og nemendur

	<ul style="list-style-type: none"> • Samstarf við Skógræktina á Snæfoksstöðum, t.d. sótt jólatré, fengið efni, spurt ráða o.fl. 	
Umhverfis dagar	<p>Nú þegar hafa nokkrir slíkir fest sig í sessi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dagur umhverfisins 25/4. • Dagur listsköpunar að hausti gæti tengst degi íslenskrar náttúru, 16. sept., núna er það samtalsdagurinn við nemendur, 2. nóv. • Dagur ræktunar(tré/matjurtir) að vori og þá kannski uppskeru að hausti. • Réttardagurinn. • Göngudagur. • Vetrardagur–skautar/skíði/potur. 	Starfsfólk, nemendur og aðrir sem þurfa kannski að koma til aðstoðar. T.d. foreldrar eða starfsmenn sveitarfélags.
Útilistaverk	Afhjúpa full unnið/unnin listaverk við lok verkefnis, vor 2012	Nemendur og starfsfólk
Rit/starfsáætlun	Halda áfram með ritið/starfsáætlunina um útiskólann sem unnið var s.l. ár og bæta við því sem á vinnst næstu tvo vetur	Starfsfólk og nemendur
Grænfáni	<p>Sækja um að fá að gerast Skóli á grænni grein. Til þess þarf að uppfylla sjö skref.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Umhverfisnefnd starfar við skólann og skipuleggur og stýrir verkefninu 2. Mat á stöðu umhverfismála í skólanum (sjá eyðublöð á grænni grein) 3. Áætlun gerð um aðgerðir og markmið til umhverfisbóta í skólanum (unnið að loknu matinu). 	Starfsfólk, nemendur, foreldrar, ráðgjafar og aðrir sem þarf að kalla til til aðstoðar.

	<ol style="list-style-type: none"> 4. Stöðugt eftirlit og endurmat á umhverfismálum í skólanum. 5. Nemendur fræddir um umhverfismál (skólanámskrá). 6. Skólinn kynsir stefnu sína út á við og fær aðra með (á vef skólans, í námsskrá og tengir grenndarsamfélagið inn í). 7. Umhverfissáttmáli sem lýsir heildarstefnu skólans í umhverfismálum og umhverfismennt og framtíðarsýn (stefna skólans). 	
<p>Sjálfsmat</p>	<p>Febrúar 2011</p> <ul style="list-style-type: none"> • Á áætlun ermað spyrja spurninga er tengjast útinámi/útikennslu og kennsluháttum. <p>Febrúar 2012</p> <ul style="list-style-type: none"> • Á áætlun er að spyrja spurninga er tengjast þróunarverkefnum, skólanámskrá og stefnu skólans. 	<p>Starfsfólk, nemendur og foreldrar</p>

Fylgiskjal nr. 3

Skóladagatal 2010 - 2011

Nafn skóla: **Grunnskólinn Ljósaborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F Hausþing - starfsdagur	1 M	1 M Fúlveldisdagurinn	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S	1 M Skólaslit
2 M Friðdagur verzlunarmanna	2 F	2 L	2 Þ Dagur umhv. listsköpunar	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F Uppstigningardagur
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F Starfsdagur
4 M	4 L	4 M	4 F Starfsdagur	4 L	4 Þ Starfsdagur	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F Þrettándinn	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M Starfsdagur
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M Bolludagur	7 F	7 L	7 Þ Starfsdagur
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ Vetrarsamtöl	8 Þ Sprengidagur	8 F	8 S	8 M Starfsdagur
9 M	9 F Hautsamtöl	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M Óskudagur	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F Hautsamtöl	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 M	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S Hvítasunnudagur
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M Árshátíð x2	13 F	13 M Annar í Hvítasunnu
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M Vetrartrí	14 M	14 F	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ Vetrartrí	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 M Starfsdagur	16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M Vetrartrí	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ Starfsdagur	17 F	17 S	17 M	17 F „Litlu jól“	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F Lyðveldisdagurinn
18 M Starfsdagur	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L
19 F Starfsdagur	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F Skólaþing	20 M Selfataréttir	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F Skírdagur / 1. sumardagur	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F Fóstudagurinn langi	22 S	22 M
23 M	23 F Samr.k.pr.Ísl 4./7.b	23 L	23 Þ	23 F Þorláksmessa	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M Starfsdagur	23 F
24 Þ	24 F Samr.k.pr.Stæ 4./7.b	24 S	24 M	24 F Aðfangadagur jóla	24 M	24 F	24 F	24 S Páskadagur	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L Jóladagur	25 Þ	25 F	25 F	25 M Annar í Páskum	25 M	25 L
26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S Annar í jólum	26 M	26 L	26 L	26 Þ Dagur umhverfisins	26 F Vordagur	26 S
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F Vordagur	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L			29 F	29 S	29 M
30 M	30 F Hausþing - kennsla	30 L	30 Þ	30 F	30 S			30 L	30 M Vordagur	30 F
31 Þ		31 S		31 F Gamliásdagur	31 M Starfsdagur			31 F	31 Þ Vorsamtöl	